


24. 23



Mosfellsbær
Finnur Birgisson,
skipulagsfulltrúi
Þverholti 2
270 Mosfellsbær

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

a. Vesturlandsbraut 24
IS-381 Reykjavík, Iceland

t. (+354) 591 2000
f. (+354) 591 2010

e. umhverfisstofnun@ust.is
www.umhverfisstofnun.is

Reykjavík, 24. ágúst 2007
Tilvísun: UST20070800064/hj

Umhverfisskýrsla vegna deilskipulags fyrir Helgafellsveg

Vísað er til erindis frá Finni Birgissyni sem barst með tölvupósti 15. ágúst sl. þar sem óskað er eftir umsögn Umhverfisstofnunar um umhverfismat deiliskipulags fyrir hluta Helgafellsvegar í Mosfellsbæ.


Samkvæmt skipulagstillöggunni er um að ræða tengibraut frá hringtorgi á Vesturlandsvegi að hringtorgi við svokallað Auga í Helgafellshverfi. Fram kemur að vegstæði og næsta umhverfi einkennist af graslendi og trjálundi og liggi nærrí Varmá, sem er á náttúruminjaskrá.

Í umhverfisskýrslunni eru skoðaðar 5 útfærslur á Helgafellsvegi og umhverfisáhrif mismunandi þáttu metin. Fyrstu tvær útfærslur gera ráð fyrir tengibraut frá hringtorgi við Vesturlandsveg, þriðja er með tengingu við Þingvallaveg og er lögð fram sem núll lausn. Fjórða útfærslan gerir ráð fyrir tengingu við Þingvallaveg og að núverandi tenging Álafossvegar við Vesturlandsveg haldist, auk þess sem lögð verði safngata yfir Varmá fyrir austan Álafosskvos milli Álafossvegar og Helgafellsvegar. Fimmta útfærslan er tillaga Varmársamtakanna þar sem gert er ráð fyrir að færa Þingvallaveg sunnar, lögð verði safngata yfir Varmá austan Álafosskvosar og að núverandi tenging Álfossvegar við Vesturlandsveg verði lögð af.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við umhverfisskýrsluna.
Umhverfisstofnun telur að skýrslan sé skipulega og vel uppsett og gerir ekki athugasemdir við hvaða atriði eru tekin til umfjöllunar. Stofnunin vill benda á misræmi í framsetningu með notkun tákns og litakóða við mat á áhrifum á samgöngur í útfærslu 5 og telur ekki ljóst hvor einkunnin á gilda.

Umhverfisstofnun telur að allar útfærslur nema núll lausnin muni hafa áhrif á svæði á náttúruminjaskrá, útfærslur 1 og 2 vegna nálægðar við Varmá og útfærslur 4 og 5 þar sem gert er ráð fyrir að gera brú yfir Varmá. Umhverfisstofnun tekur undir þá niðurstöðu þessi áhrif séu minnst í útfærslu 2 að uppfylltum þeim mótvægisaðgerðum sem gert er ráð fyrir, einkum hvað varðar legu végar í landi og umferðahraða. Stofnunin telur þó engu að síður að þau eigi fá einkunnina *nokkur/lítil neikvæð áhrif (0/-)* í þeirri útfærslu. Umhverfisstofnun telur enn fremur að verði ofanvatn hreinsað áður en því er sleppt út muni áhrif á vatnsgæði verða hverfandi að því tilskyldu að setjörn verði neðan Vesturlandsvegar. Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við skýrsluna.

Virðingarfyllst



Helgi Jansson
forstöðumaður



Sigurrós Friðriksdóttir
fagstjóri